

**Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.,
haldinn á Hótel Selfossi, 23. maí 1997, kl. 15.00**

Formaður, Karl Björnsson, setti fund og stakk upp á Bjarna Einarssyni fundarstjóra og Kjartani Ágústssyni fundarritara.

1. Ársreikningur

Þorvarður Hjaltason las og skýrði ársreikning fyrir 1996.

Rekstrargjöld námu kr. 28.581.105.-

Tekjur urðu kr. 39.804.284.-

Hagnaður nam kr. 7.466.467.-

Eigið fé í árslok 1996 kr. 37.051.178.- hækkaði um rúmar 9 milljónir milli ára.

Niðurstaða efnahagsreiknings varð kr. 94.842.207.-

Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra.

Karl Björnsson las upp skýrsluna.

Gjaldskrá hækkaði um 6% um síðustu áramót.

Starfsemi Sorpstöðvarinnar komin í fastar skorður.

Minna sorp hefur komið frá sveitarfél. en gert var ráð fyrir en mun meira frá sláturhúsum.

Sorptroðari hefur reynst mjög vel. Trjáakurlari var keyptur en sveitarfélög hafa nýtt hann minna en reiknað var með.

Þá hefur verið hafin söfnun á pappír og hefur tekist vel.

Endurvinnsla á plasti er að hefjast hjá Funaplasi á Flúðum.

Karl benti á að mikið verk væri framundan hjá sveitarfélögum að byggja upp söfnunarsvæði.

Þessu næst ræddi Karl um viðskipti Sorpstöðvarinnar við sorpfyrirtæki utan svæðisins.

Fram komu ástæður og skýringar á þeim viðskiptum sem átt hafa sér stað við gámastöðvar höfuðborgarsvæðisins.

Karl benti m.a. á að með aukinni endurvinnslu minnkaði sorp til urðunar sífellt.

Þá skila þessi viðskipti umtalsverðum tekjum sem m.a. nýtast til að bæta stöðu umhverfismála.

Þessu næst skýrði Karl frá bótakröfum varðandi Auðsholt í Ölfusi. Ekki hefur náðst endanleg niðurstaða og málið heldur áfram. Máli vegna Hvolsbrúnar er hins vegar lokið.

Umræður um ársreikning og skýrslu.

Bjarni Jónsson benti á tilganginn með stofnun Sorpstöðvarinnar og taldi mjög slæmt ef Suðurland yrði ódýr ruslakista fyrir önnur svæði.

Þessu næst las Bjarni greinargerð vegna nýtingar á sorpurðunarsvæði Sorpstöðvar Suðurlands, Kirkjuferjuháleigu, Ölfushreppi. Greinargerðina samdi Andri Árnason, hrl.

Greinargerðinni var dreift á fundinum.

Í greinargerðinni kemur fram að við undirbúning að stofnun Sorpstöðvarinnar hafi hún átt að þjóna Suðurlandi en ekki að stöðin tæki við sorpi til urðunar frá óviðkomandi aðilum. Þá er og gagnrýnt hvernig staðið var að undirbúningi og samningsgerð við Gám í Hafnarfirði og standist vart sveitarstjórnarlög sbr. 1x. kafla þeirra laga.

Ennfremur kemur fram að fjárhagsleg sjónarmið geti ekki skipt sköpum í þessu máli og að “ekki verður séð að önnur sveitarfélög geti með neinum rétti áskilið að urðunarstaðurinn sé hagnýttur fyrir óviðkomandi aðila eingöngu til að draga úr sínum eigin kostnaði við þetta lögbundna verkefni.” (Tilv. lýkur.) Þá gat Bjarni þess að borgarafundur í Ölfusi í febr. sl., hefði ályktað gegn utanaðkomandi urðun.

Reikningur Sorpstöðvarinnar vegna 1996 borinn upp og samþykktur samhljóða.

2. Ákvörðun gjaldskrár.

Tillaga frá stjórn um gjaldskrá fyrir árið 1997.

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr.	1.60 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr.	3.20 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp, sem ekki er samningsbundið	kr.	3.20 pr/kg.
Afgreiðslugjald		kr. 530.-

Gjald fyrir sláturúrgang verður frá og með 1. júlí 1997 kr. 3.30 pr/kg.

Tillaga frá framkvæmdastjóra um gjald fyrir trjáurlara kr. 1.800.- pr/vinnustund.

3. Fjárhagsáætlun 1997.

Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 41.500.000.- gjöld verði kr. 28.085.000.- Rekstrarafgangur kr. 9.915.000.- þar af kr. 6.400.000.- til afborgunar lána. Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

4. Úrbætur í sorpmálum á Suðurlandi:

a. Guðmundur Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Fram kom m.a. í máli hans að mjög mikilvægt væri að koma greinargóðum upplýsingum um flokkun og eyðingu sorps til íbúanna.

Brýnt væri að fjölga ílátum undir dósir og flöskur.

Fyrirhugað er átak í brotajárnssöfnun.

Bæta þarf móttöku á spilliefnum.

Söfnun á fernum og pappír - mikilvægt að standa vel að þeirri söfnun s.s. með því að sjá til þess að gámar standi ekki fullir.

Plastsöfnun - söfnun í áburðarsekki.

Þá taldi Guðmundur að huga þyrfti að jarðgerð lífræns úrgangs

Loka þarf gömlum sorphaugum.

b. Skýrsla um starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands. Lúðvík Gústafsson.

Skv. erindi hans hefur rekstur urðunarsvæðisins verið ásættanlegur hingað til frá umhverfissjónarmiðum en huga þyrfti að ýmsum þáttum s.s. að hreinsivirki fyrir sigvatn og auka virkni þess til að koma í veg fyrir aukna losun mengunarefna.

Lúðvík benti ennfremur á að í samþjöppuðu sorpi yrði gasmyndun hröð og huga þyrfti að því.

Rekstur svæðisins hefur, enn sem komið er, litla mengun í för með sér.

Þorvarður Hjaltason gerði grein fyrir úttekt á rekstri og umhverfisáhrifum Sorpstöðvar Suðurlands sbr. aðalfundarfundargögn.

Úttektin er unnin af Verkfræðistofu Suðurlands, Stuðli, verkfræði- og jarðfræðistofu, Jóni Ólafssyni, Hollustuvernd ríkisins og Talnakönnun.

Skv. álit Jóns Ólafssonar, hrl., hefur Sorpstöðin staðið að öllum viðskiptum sínum í samræmi við hlutverk sitt en túlka beri orðið fyrirtæki skv.. 4. gr. rúmlega þ.e. fyrirtæki almennt.

Í álit Talnakönnunar er reiknað annars vegar með og hins vegar án viðskipta við aðila utan svæðis. Þar segir m.a.: “Óvissa hlýtur alltaf að vera nokkur í slíkum útreikningi en svo miklu munar að ekki virðist minnsti vafi á því að þessi viðskipti eru Sorpstöð Suðurlands og öðrum viðskiptavinum og eigendum mjög í hag.” (Tilv. lýkur.)

Karl Björnsson sagði niðurstöður allra þessara athugana vera mjög jákvæðar.

Karl bar upp eftirfarandi tillögu:

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir áframhaldandi viðskipti við fyrirtæki utan Suðurlands um urðun sorps á starfssvæði stöðvarinnar að gefinni þeirri forsendu að fjárhagslegur sparnaður vegna þeirra fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi verði nýttur til uppbyggingar á gámasvæðum sveitarfélaganna og til frekari úrbóta og þróunar í sorphirðumálum í héraði. Ábati þessara viðskipta í fjárhagslegu og umhverfislegu tilliti skal síðan metinn á næsta aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands með tilliti til þess hvort vænlegt þykir að halda viðskiptum áfram. Í því sambandi verði leitast við að hafa sem best samráð við sveitarstjórn Ölfushrepps.

Aðalfundurinn telur að sú öra þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár í sorphirðumálum landsmanna eigi eftir að eflast enn frekar sem m.a. leiði til sífellt aukinnar endurvinnslu umbúðaúrgangs úr plasti og pappa, þrátt fyrir að úrgangur þessi sé talinn hættulaus umhverfi sínu, sbr. greinargerð Hollustuverndar ríkisins, dags. 22. maí 1997. Það er einmitt þess konar úrgangur sem Sorpstöð Suðurlands annast urðun á í miklum mæli m.a. frá fyrirtækjum sem staðsett eru utan Suðurlands. Af þeim sökum benda líkur til að viðskipti í þeim mæli sem nú bjóðast muni minnka stórlega á allra næstu árum sem leiða muni til verulegrar tekjulækkunar hjá Sorpstöð Suðurlands. Því telur aðalfundurinn réttlætanlegt, þrátt fyrir þá andstöðu sem fram hefur komið við þessi viðskipti að halda þeim áfram tímabundið til þess að sveitarfélög, fyrir tæki og íbúar á Suðurlandi njóti þeirrar framlegðar sem þau gefa í formi lægri gjaldskrár fyrir sorpförgun en annars væri samhliða úrbótum á sviði sorphirðumála á svæðinu.

Þær upplýsingar sem lagðar hafa verið fram á fundinum benda eindregið til þess að gjaldskrá vegna sorpurðunar þurfi að hækka a.m.k. um 30% á allra næstu árum vegna tekjulækkunar stöðvarinnar. Draga má úr þessari hækkunarþörf með viðskiptum við sorphirðufyrirtæki utan Suðurlands og nýta þann tekjuafgang sem þau gefa með beinum hætti til að greiða niður þau lán sem tekin voru vegna stofnkostnaðarframkvæmda við urðunarsvæði stöðvarinnar. Auk þess er nauðsynlegt að mynda varasjóð til að mæta hugsanlegum útgjöldum vegna verulegs viðbótarkostnaðar sem fyrirbyggjandi bótakröfur ákveðinna nágretta vegna staðsetningar urðunarsvæðisins geta skapað.

Aðalfundur Sorpstöðvarinnar felur stjórn stöðvarinnar að leita allra leiða til að finna lausn á þeim ágreiningsmálum sem upp hafa komið milli sveitarfélaga um starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands.”

Böðvar Pálsson, f.h. Grímsneshrepps
Karl Björnsson, f.h. Selfoskaupstaðar
Grétar Zópaníasson, f.h. Stokkseyrarhrepps

Bjarni Jónsson gerði ýmsar athugasemdir og fyrirspurnir. Hann benti á að standa þyrfti við það sem íbúar Ölfushrepps hefðu talið að þeir væru að samþykkja í upphafi þ.e. að urðað væri sorp af Suðurlandi en ekki utan þess. Bjarni Jónsson bar upp svohljóðandi tillögu:

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands staðfestir samþykkt stjórnar, frá 11. janúar 1996, um að sorpurðunarsvæðið sé fyrst og fremst fyrir Suðurland og þjóni íbúum þess og að stjórnin muni ekki standa að neinum samningum við aðila utan héraðs og að framkvæmdastjóra verði falið að segja upp öllum slíkum samningum með löglegum fyrirvara.”

Böðvar Pálsson taldi tillögu um áframhaldandi viðskipti vera sáttatillögu. Benti hann á áframhaldandi endurvinnslu og þannig drægi úr sorpi.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sagði nauðsynlegt að ná sátt milli allra sveitarfélaga sem að byggðasamlaginu standa. Fá þyrfti úrskurð um það hvort starfsemi Sorpstöðvarinnar stæðist ákvæði sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög sbr. álit Anda Árnasonar hrl. og Jóns Ólafssonar hrl.

Nást þarf samkomulag um þennan ágreining sem fyrst.

Guðmundur bar fram tillögu um frestun á aðalfundi og leitað yrði sáttu fram að framhaldsaðalfundi.

Gísli Páll Pálsson taldi til hagsbóta að urða sorp af öðru svæði vegna fjárhagslegs ávinnings. Hins vegar gagnrýndi hann mikla aukningu á sorpi, nánast tvöföldun á magni.

Taka yrði fullt tillit til sveitarfélagsins þar sem urðunarsvæði væri. Aðrir þættir vægju því þyngra en fjárhagslegur ávinningur.

Karl Björnsson benti á að sorpið hefði aukist en plássið sem það tæki ykist ekki.

Magnús Karel Hannesson taldi brýnt að koma á sáttum. Kynna þyrfti tillögurnar sem slíkar í sveitarstjórnnum. Magnús lagði til breytingartillögu við tillögu Guðmundar Inga um lengri frest á aðalfundi.

Bjarni Jónsson gerði ýmsar athugasemdir.

Hann benti á að sorp sem héðan færi, suður, væri fyrst og fremst í endurvinnslu og því ekki sambærilegt við flutning á sorpi frá Reykjavíkursvæðinu.

Guðmundur Ingi ræddi áðurframkomna tillögu um frestun aðalfundar. Karl Björnsson lagði áherslu á að aðalfundi yrði lokið í stað frestunar.

Bjarni Jónsson taldi eðlilegra að fresta fundi m.a. vegna viðskipta við fyrirtæki utan svæðis.

Eftirfarandi tillaga Guðmundar Inga Gunnlaugssonar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.: Tillaga um frestun á afgreiðslu tillagna, skipan sáttanefnda, frestun aðalfundarins og boðun framhaldsaðalfundar.

Lagt er til að afgreiðslu á framkomnum tillögum frá Karli Björnssyni og félögum annars vegar og Bjarna Jónssonar hinsvegar verði frestað. Lagt er til að skipuð verði sáttanefnd til þess að leita samkomulags í yfirstandandi deilu um urðun sorps af höfuðborgarsvæðinu. Sáttanefndin skal skipuð þremur mönnum, þ.e. einum tilnefndum af stjórn Sorpstöðvar Suðurlands b.s., einum tilnefndum af hreppsnefnd Ölfushrepps og einum tilnefndum af starfssvæði sorpstöðvar Rangárvallasýslu b.s. Sáttatillaga skal liggja fyrir í síðasta lagi þann 15. september 1997. Lagt er til að aðalfundinum verði þegar í stað frestað og stjórn Sorpstöðvarinnar falið að boða til framhaldsaðalfundar fyrir lok september 1997.

Umboð aðal- og varamanna í stjórn sem kjörnir voru á aðalfundi 1996 verði framlengt fram að framhaldsaðalfundinum. Sama gildir um kjörna skoðunarmenn.

Sigurður Jónsson kvaddi sér hljóðs og taldi að með stofnun Sorpstöðvar Suðurlands hefði mjög verið unnið að bótum á sorp- og umhverfismálum. Sorpstöðin væri til fyrirmyndar í því tilliti.

Fleira ekki gert, fundi frestað kl. 19:15

Kjartan Ágústsson, fundarritari.